

Nefnd um atvinnumál

Fundur var haldinn í nefnd um Atvinnumál hjá Reykjavíkurborg fimmtudaginn 12. mars 2009 í Hinu húsinu, og hófst fundurinn kl. 13:00

Mætt voru: Svandís Svavarsdóttir, Ragnar Sær Ragnarsson, Ellý Þorsteinsdóttir, Þorleifur Gunnlaugsson, Markús H. Guðmundsson, Oddný Sturludóttir, Sigurður Snævarr og Guðfinnur Þór Newman.

Gestir: Regína Ásvaldsdóttir.
Gísli Árni Eggertsson mætti til fundar kl. 14:40.

Þetta gerðist:

Fundargerðir síðasta fundar lagðar fram og minnisblað yfir atvinnuleysistökur í febrúarmánuði.

1. Hugmyndatorg

Regína kynnti hugmyndir sem unnar voru á skrifstofu borgarstjóra í samráði við aðra sérfræðinga. Rætt um hugsanlegar staðsetningar fyrir hugmyndatorgið.

Svandís lýsti yfir ánægju með undirbúning frá skrifstofu borgarstjóra. Benti á mikilvægi þess að viðburðurinn dragi alla, bæði þá sem hafa atvinnu og þá sem eru atvinnulausir.

Rætt um færslu verkefnisins út í hverfin og hugsanlega mætingu og lögð áhersla á mikilvægi markaðssetningar verkefnisins.

2. Staðan

Sigurður fór yfir minnisblað yfir atvinnuleysistökur í febrúarmánuði.

Fram kom að fjárhagsaðstoð hafi aukist um 45% milli milli mánaða í janúar 2008 og janúar 2009. Tilvísunum frá grunnskólum til Velferðarsviðs hefur fjölgað mikið, sem vekur upp spurningu um hvaða stuðningur þarf að vera til staðar innan grunnskólans.

Atvinnuhorfur ungs fólks ræddar. Fram kom að umsóknir vegna lausra starfa næsta sumar eru mun fleiri en laus störf.

3. Námstengd úrræði

Gísli Árni Eggertsson kynnti hugmyndir um námstengd úrræði sem væri einhvers konar fræðilegur grunnur fyrir einingabært nám í framhaldsskólum. Hugmyndafræðin gæti minnkað þann þröskuld sem sumir hópar þurfa að yfirstíga til þess að komast í nám.

Huga þarf að því að ná til framhaldsskólanna sjálfra.

Tillögugerð og ákvarðanataka fer krókaleið í kerfinu og því er spurning um sérstakan vettvang fyrir verkefni af þessu tagi.

4. Umsagnir ráða

Farið yfir umsagnir ÍTR og meiri- og minnihluta Velferðarráðs.

5. Annað

Ákveðið að óska eftir tilnefningu Menntasviðs. Óskað eftir stuttu minnisblaði um húsaleigubætur.

Fundi slitið kl. 15:15.